


**JARÐVEGSSKIFTI UNDIR SÖKKLUM:**

Sé jarðvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sökkla, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jarðlag. Uppgróftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sökkla og dýpt uppgráftar undir sökklum er. Fylla skal síðan í grunninn með viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmöl eða leir- og moldarfrírri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjöppu. Skal þjöppunin ná a.m.k. sömu gæðum og fæst með 5 umferðum 1to. vibrationsvaltara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hana rækilega jafnhliða þjöppuninni. Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599 virdandi fyllingarefni sem notað er og tiltæk tæki til þjöppunar.



**BREIDD SÖKKLA:**

Sökkla steypir á klópp eða móhelli, B=20cm  
 Sökkla steypir á þjappað sand- eða malarlag, B=25cm.

**SKÝRINGAR:**

**UPPGRÓFTUR:**

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum svo sem mold og mó, Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

**ÁLAG Á SÖKKLA:**

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara er 1,7 t/m eða 8,5 t/m<sup>2</sup> við 0,2m breiða sökkla og 6,8 t/m<sup>2</sup> við 0,25m breiða sökkla.

**UPPSLÁTTUR SÖKKLA:**

Uppsláttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð og réttri línu. Sérstaklega þarf að vanda uppslátt sökkla.

**DÝPT SÖKKLA:**

Neðri brún sökkla sé a.m.k. 120cm fyrir neðan jarðvegsyfirbord, nema klópp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla 40cm.

**JÁRNALÖGN SÖKKLA:**

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60cm.

**STEYPA SÖKKLA:**

Öll steypa S 200 með sigmáli 9cm og lofti 4%.

**EINANGRUN SÖKKLA:**


Sökkla skal einangra með 2" frauðplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50cm niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.

**FYLLING Í SÖKKLA:**

Eftir að sökkla hafa verið steypir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í 30cm lögum. Sérstaka áherslu skal leggja á að þjappa plötumidjur svo engin hætta sé á að fyllingin sígi undir plötunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirborðið með sandi. Ekki skal grafa fyrir frárennislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

**ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:**

Sjá lagnateikningar.



RVK 1001 '82	<b>HÚSASMÍÐJAN</b> H SÚÐAVOGI 3-5, RVÍK. Sími 84599	GERD NR.
REIKN. TEIKN. SS SGS YFIRF.	F FÍFUHVAMMI KÓPAV. Sími 43521	VERK NR. S 764
MÆLIKV. 1:5	SKÝRINGAR VIÐ SÖKKLA-STEINHÚSA	TEIKN NR. 10